

# Verzlunarmannafélag Húsavíkur

Garðarsbraut 26, 640 Húsavík Sími 464-1301, myndsendir 464-1781

Alþingi

Erindi nr. D 120/1472

komudagur 16/4 1996

Nefndanefnd Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Húsavík, 15. apríl 1996.

## ***Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur***

Fyrir alþingi liggur frumvarp til breytinga á lögum um "Stéttarfélög og vinnudeilur". Frumvarpið er lagt fram af Páli Péturssyni félagsmálaráðherra.

Félagsmálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn um frumvarpið frá Verzlunarmannafélagi Húsavíkur.

Verzlunarmannafélag Húsavíkur hefur yfirfarið frumvarpið og sendir hjálagt umsögn sína um frumvarpið.

Niðurstaða félagsins er sú að krefjast þess að frumvarpið verði dregið til baka.

Ekki eru neinar forsendur til að keyra svo viðamiklar breytingar á vinnulöggjöf í gegn án fulls samráðs við alla aðila. Verði frumvarp þetta, sem smíðað er í samráði við annan aðila á vinnumarkaði samþykkt, er það sjálfkrafa ávísun á átök á vinnumarkaði og ekki síst átök á Alþingi. Því með þessu er brotin hefð fyrir áræðanlegum samskiptum og samráði á vinnumarkaði.

Sérstaka athygli vekur að Félagsmálanefnd Alþingis skuli ekki senda frumvarp þetta til umsagnar til fyrirtækjanna á félagssvæði Verzlunarmannafélags Húsavíkur. Heldur eru það einungis fulltrúar V.S.Í. og V.M.S. sem annist þessa umsögn að þeirra hálfu. Enginn Þingeyskur launagreiðandi kemur að umsögn þessara samtaka og einungis lítill hluti fyrirtækja á félagssvæðinu er í þessum samtökum.

Verzlunarmannafélag Húsavíkur telur mjög mikilvægt að áður en Félagsmálanefnd Alþingis veiti umsögn sína verði allri óvissu eytt um að

frumvarpið stangist á við alþjóðlegar samþykktir og lög sem við erum skuldbundin af. Alþingi hefur afgreitt mál þar sem óvissu um atriði sem þessi var ekki eytt, sem er óviðunandi afgreiðslumáti löggjafasamkomu landsins.

Eftirfarandi gögn fylgja umsögn þessari:

Ályktun frá stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur.

Ályktun frá formannafundi A.S.Í.


Umsögn Verslunarmannafélags Húsavíkur

Óski nefndin frekari upplýsinga bréf- eða símleiðis, vinsamlega hafðu samband við undirritaðan í síma vs. 464-1301 eða hs. 464-1651.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Kær kveðja!

F.h. Verslunarmannaf. Húsavíkur



Ágúst Óskarsson, form.

Afrit sent:

Alþingi b.t. þingmanna.

Alþýðusamband Norðurlands

Alþýðusamband Íslands

# *Umsögn Verslunarmannafélags Húsavíkur um frumvarp til breytinga á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.*

Stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur hefur yfirfarið frumvarp til laga um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Eftirfarandi atriði eru þess valdandi að félagið telur frumvarpið of einhliða fyrir atvinnurekendur og hvetur því Félagsmálanefnd Alþingis til að gera þær ráðstafanir sem þarf til að mál þetta verði dregið til baka og fært af dagskrá þingsins.

## *Vinnustaðafélög*

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild til stofnunar vinnustaðafélaga. Stofnun þeirra yrði þvert á skipulag verkalyðshreyfingarinnar eins og það er í dag. Verslunarmannafélag telur eðlilegt að stéttarfélögin sjálf ákveði hvort starfandi séu vinnustaðafélög með samningsrétt og einnig við hvaða fyrirtæki. Eins og samskiptareglur eru í dag er lítill grundvöllur fyrir vinnustaðafélögum, þar sem skipulag vinnuveitendasamtakanna leyfir ekki samninga einstakra fyrirtækja.

## *Umboð samninganefnda*

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að umboð samninganefnda verði ótakmarkað. Venjan hefur verið sú að félögunum er í sjálfsvald sett hvort þeir takmarki umboð stjórnar/samninganefnda. Óeðlilegt er að takmörkun verði bönnuð, því verk stjórnar/samninganefnda er að fara eftir lýðræðislegum samþykktum félagsmanna og feli samþykktir þeirra í sér takmörkun á umboði, er eðlilegt að félögin fái sjálf að ákveða það.

## *Lýðræðið í atkvæðagreiðslum*

Í frumvarpinu eru lagðar einkennilegar skyldur á félagsmenn stéttarfélaganna varðandi atkvæðagreiðslur. Þetta nýja lýðræði mun hafa veruleg áhrif á alla aðra starfsemi fyrirtækja og félaga í framtíðinni. Nýja lýðræðið gerir ráð fyrir að hjáseta/mæta ekki til atkvæðagreiðslu þýði að viðkomandi sé á móti. (Á okkar slóðum segir sagan að það séu einungis Flateyingar sem eru alltaf á móti) Sérstaka athygli vekur að ekki eru lagðar sambærilegar kvaðir á launagreiðendur.

Frumvarpið krefst að lágmarkspátttaka í afgreiðslu um kjarasamninga verði 20% og af þeim verði meirihluti að greiða á móti til að samningurinn verði felldur.

Nái kjarasamningurinn til hluta félagsmanna, annaðhvort ákv. fyrirtækja, starfstétta eða starfsgreina þarf að lágmarki 50% páttöku og 33,33% þurfa að að vera á móti til að samningurinn verði felldur.

Frumvarpið gerir kröfu um sama lágmarksfjölda og lágmark þeirra sem á móti eru við verkfallsboðun.

Verslunarmannafélag Húsavíkur telur eðlilegt að sömu reglur verði látnar gilda fyrir stéttafélög og gilda fyrir annan félagsskap á landinu, t.d. stjórnmalaflokka, þingflokka ofl. Meirihluti á ávallt að ráða. Þeir sem ekki greiða atkvæði eiga ekki að telja hvorki með eða á móti. Annað fyrirkomulag er ólýðræðislegt og er á skjön við lýðræðishefðir.

### ***Verkfallsboðun***

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir þegar ákveða á vinnustöðvun þurfi að liggja fyrir hvenær vinnustöðvun hefst, hve lengi hún stendur og til hverra hún nær. Vinnustöðvun má ekki fresta nema í 14 daga án samþykkis viðsemjenda. Þessi breyting er mikil afturför, því hún mun þýða að félagsmennirnir verða að fara í verkfall innan 14 daga, þannig að verkfallsboðun verður ekki notuð til að knýja á um viðræður heldur verður hún nærri sjálfkrafa að verkfalli. Þetta mun þýða meiri hörku í þessum samskiptum en verið hefur. Það jafnast á við besta brandara að þurfa að semja við atvinnurekendur um frestun verkfalls.

### ***Uppsagnir verða verkföll***

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjöldaupsagnir og aðrar sambærilegar ráðstafanir sem jafna má til vinnustöðvunar teljist til vinnustöðvunar/verkfalls. Grein þessi er mjög vel fallin til þess að ágreiningur geti myndast. Ekki er skýrt hverjar aðrar sambærilegar ráðstafanir séu. Með þessu er sú kvöð lögð á launþega að þeir geti ekki ákveðið að hætta hjá fyrirtæki, þegar þeim kjósa, sem er í ósamræmi við allar venjur sem tíðkast hafa fram að þessu. Fyrirtæki gætu læst inni hjá sér starfsmenn sem vildu hætta vegna lélegra launa og/eða annarra ástæðna.

### ***Skrifstofa ríkissáttasemjara á Húsavík***

Verslunarmannafélag Húsavíkur telur mikilvægt að embætti ríkissáttasemjara verði út á landi, og þar kemur Húsavík vel til greina. Með virkum samgöngum gjörbreyttum fjarskiptum og tilkomu samnetsins mæla öll rök með því að staðsetja embætti ríkissáttasemjara á Húsavík. Með því móti kæmu þingmenn á móts við stefnu sína til fjölda ára að flytja ríkisstofnanir út á landsbyggðina. Innan allrar félagsstarfsemi svo sem samtaka launafólks, atvinnurekenda og stjórnmalaflokka hefur sú skoðun verið lengi við lýði að heppilegra sé að halda fundi og ráðstefnur á landsbyggðinni, því með því móti sé persónulegra, léttara og félagslegra andrúmsloft, sem mikilvægt er hjá embætti ríkissáttasemjara.

Mikilvægt er að nokkur hreyfanleiki sé hjá embætti sáttasemjara, því er það krafa Verslunarmannafélags Húsavíkur vettvangur samningaviðræðna undir verkstjórn ríkissáttasemjara geti að jafnaði verið á þeim stað þar sem launþegarnir búa.

## ***Framlagning miðlunartillögu***

Almennt gerir frumvarpið ráð fyrir að völd ríkissáttasemjara aukist, og þar með möguleikar atvinnurekenda á að semja ekki við félögin. Möguleikar stjórnvalda á hverjum tíma aukast einnig til að hafa áhrif. Mörgum hefur þótt nóg um afskipti stjórnvalda af kjarasamningagerð. Afskipti sem oft hafa þýtt lögboð í frjálsa samninga. Eins og flestum er kunnugt hefur Alþjóða vinnumálastofnunin lýst áhyggjum sínum fyrir afskiptasemi Íslenskra stjórnvalda á kjarasamningagerð.

Ríkissáttasemjara eru afhent völd að leggja fram miðlunartillögu í kjaradeildum. Verslunarmannafélag Húsavíkur telur þetta fyrirkomulag miðlunartillagna óviðunandi, því segja má að atvinnurekendum sé í lófa lagið að hafna öllum kröfum, og þar með panta slíka tillögu. Reynslan hefur sýnt að stjórnvöld á hverjum tíma hafa mikil áhrif á framsetningu á miðlunartillögu.

Afgreiðsla miðlunartillögu er líkt og aðrar atkvæðagreiðslur auglýsing um nýjar lýðræðishefðir. Lágmarksfjöldi þeirra sem greiðir atkvæði þarf að vera 50% og 33,33% félagsmanna þurfa að hafna tillögnum.

Verslunarmannafélag Húsavíkur telur ákvæði sem þessi ólýðræðisleg og krefst þess að þeirri eðlilegu reglu um að meirihluti ráði verði einnig viðhafður við afgreiðslu á miðlunartillögu.

Það ákvæði sem heimilar ríkissáttasemjara að leggja fram miðlunartillögu og láta greiða atkvæði um hana hjá mörgum ólíkum félögum eða samböndum er í hróplegu ósamræmi við sjálfstæði stéttarfélaganna hvers fyrir sig og samningrétt þeirra hvers fyrir sig.

Í frumvarpinu er lagt til að ríkissáttasemjari ákveði um kynningu á miðlunartillögu til félagsmanna stéttarfélaganna. Þetta ákvæði stríðir gegn venjum í stéttarfélagunum að þau leggi sjálfstætt mat á þá kosti sem í boði eru hverju sinni. Þetta ákvæði er ólýðræðislegt.

## ***Að lokum***

Verslunarmannafélag Húsavíkur óskar að fá skilgreiningar á því hverjir eru viðsemjendur/gagnaðilar í þessu frumvarpi. Engin launagreiðandi þar sem félagsmenn Verslunarmannafélags Húsavíkur starfa kemur að samningum á vegum V.S.Í. og V.M.S. og fæst fyrirtækjanna eru í þessum samningum?

Hverjar eru reglur launagreiðenda við hinar ýmsu afgreiðslur? Er ekki eðlilegt að allir launagreiðendur, án tillits til aðildar að V.S.Í./V.M.S. sem samningur á að ná til taki þátt í atkvæðagreiðslu, þar sem kjarasamningur/verbann/-miðlunartillaga mun gilda fyrir þá?

Hverjir eru möguleikar Verslunarmannafélags Húsavíkur til að fá samninga við launagreiðendur á félagssvæði félagsins, skv. þessu frumvarpi?

Því miður verður að segja að með frumvarpinu, sem er grundvöllur að samskiptareglum á vinnumarkaði, er verulega hallað á stéttarfélögin. M.ö.o. er

leikurinn gerður ójafn. Þessu mætti líkja við fótboltaleik þar sem annað liðið fær alltaf að byrja með boltann og dómariinn fær heimild til að múra fyrir annað markið og leikurinn eru einungis einn hálfleikur.

Frumvarpið tekur ekki á því ójafnræði sem ríkir í samskiptum stéttarfélaganna og launagreiðenda, svokallaðri jafnræðisreglu. Harðari ólýðræðislegar kröfur eru settar á annan aðilann á meðan hinn aðilinn, sem býr við skipulagt einræði, getur haldið því óbreyttu til frambúðar.

Að öðru leyti en hér á undan greinir vísast til umsagnar Miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um frumvarpið.

# Ályktun

Stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur lýsir yfir áhyggjum sínum vegna framlagningar frumvarps félagsmálaráðherra um breytingar á lögum um "Stéttarfélög og vinnudeilur".

Með framlagningu frumvarpsins hefur ríkisstjórnin einhliða rofið áratuga hefð fyrir þríhliða samstarfi og viðtækri sátt um samskiptareglur á vinnumarkaði.

Sérstaka athygli vekur að forskrift atvinnurekanda hefur verið notuð til hliðsjónar við frumvarpssmiðina. Að breyta vinnulöggjöfinni og þar með samskiptareglum á vinnumarkaði með samráði við annan aðilann skekkir stöðu hins. Slík vinnubrögð verða ekki liðin.

Stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka og aðilum vinnumarkaðsins verði gefin kostur á að semja um samskiptareglur á vinnumarkaði án hótunar yfirvalda um lagasetningu.

Jafnframt mótmælir félagið tillögum um breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar, sem fela í sér lakari rétt til þeirra sem eru í atvinnuleit og þurfa að nýta sér þann neyðarrétt sem felst í atvinnuleysisbótakerfinu.

Stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur telur eðlilegra að stjórnvöld einbeiti sér að því að leggja fram heilstæða atvinnustefnu sem eyði atvinnuleysi í stað þess að eyða því með skerðingafrumvarpi. Leiði frumvarpið af sér að fólk þarf í stór auknum mæli að leita á náðir félagamálastofnanna eftir framfærslu, munu launþegar alls ekki una því.

Þá minnir fundurinn á að launþegar ráða miklu um það hverjir veljast á Alþingi Íslendinga. Launafólk mun fylgjast með afgreiðslu þessara mála og taka tillit til niðurstöðu þeirra við næstu alþingiskosningar.

Stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur mun sérstaklega leita eftir skoðunum þingmanna kjördæmisins á frumvörpunum, svo hægt sé að kom þeim skilaboðum til félagsmanna.

## Burt með frumvörpin

2/4 96



## Ályktun formannafundar ASÍ um frumvarp til breytinga á vinnulöggjöfnni

ályktun

Formannafundur ASÍ, haldinn á Hótel Sögu föstudaginn 22. mars 1996, fordæmir harðlega þann yfírgang ríkisstjórnarinnar sem birtist í tilraun til að þröngva fram breytingum á vinnulöggjöfnni án samráðs við verkalýðshreyfinguna.

Með framlagningu frumvarpsins hafa stjórnvöld gefið yfirlýsingu um að þau óski ekki lengur eftir hefðbundnu þríhliða samstarfi og hafa þar með rofið áratuga sátt um þróun samskiptareglna á vinnumarkaði. Um slík vinnubrögð verður engin þjóðarsátt.

Formannafundur ASÍ telur að fyrirliggjandi frumvarp sé árás á verkalýðshreyfinguna og hinn almenna félagsmann. Flestar hugmyndir í frumvarpinu rýra sjálfstæði stéttarféлага og minnka völd einstaklinganna í verkalýðsfélagunum, þvert á það sem tillöguhöfundar þykjast stefna að. Frumvarpið byggir á vanþekkingu á málefnum íslensks vinnumarkaðar eins og marka má meðal annars af hugmyndum um vinnustaðafélög sem forsvarsmenn bæði samtaka launafólks og atvinnurekenda hafa varað við.

Formannafundur ASÍ krefst þess að frumvarpið verði nú þegar dregið til baka, og aðilum vinnumarkaðar verði gefinn möguleiki á að semja um samskiptareglur sín á milli án hótunar um lagasetningu eins og stefnt var að áður en félagsmálaráðherra lagði frumvarpið fram. Sama gildir um önnur frumvörp sem eru í meðferð Alþingis eða væntanleg þangað og fela í sér skerðingu á rétti stéttarféлага og félagsmanna þeirra.

Formannafundur ASÍ felur miðstjórn að fylgja málinu nánar eftir og leita samstarfs við öll önnur samtök launafólks um allsherjar aðgerðir til þess að hrinda þessari árás. Þá telur fundurinn nauðsynlegt að á næstu dögum verði haldnir fundir á vegum ASÍ sem víðast um landið um þetta mál og aðrar árásir stjórnvalda á hendur launafólki og verkalýðshreyfingunni.

- Til framtíðar -



## Ályktun

Sameiginlegur félagsfundur verkalýðsfélaganna í Suður - Þingeyjarsýslu haldinn á Húsavík 25. mars 1996, tekur undir ályktun formannafundar ASÍ um frumvarp til breytinga á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Með framsetningu frumvarpsins hefur ríkisstjórnin einhliða rofið áratuga hefð fyrir þríhliða samstarfi og viðtækri sátt um samskiptareglur á vinnumarkaði.

Um er að ræða alvarlegar árásir á sjálfsögð réttindi launafólks og tilvist stéttarféлага. Athygli vekur að forskrift atvinnurekanda virðist hafa verið notuð til hliðsjónar við frumvarpssmiðina. Ekki verður þolað að breytingum á vinnulöggjöfinni verði þröngvað upp á launafólk án samráðs við verkalýðshreyfinguna.

Fundurinn krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka og aðilum vinnumarkaðarins verði gefin kostur á að semja um samskiptareglur á vinnumarkaði án hótunar yfirvalda um lagasetningu.

Jafnframt mótmælir fundurinn tillögum að breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar, sem fela í sér lakari rétt til þeirra sem eru í atvinnuleit og þurfa að nýta sér þann neyðarrétt sem felst í atvinnuleysisbótakerfinu.

Fundurinn telur eðlilegra að stjórnvöld einbeiti sér að því að leggja fram heilstæða atvinnustefnu sem eyði atvinnuleysi í stað þess að eyða því með ógeðfelldu frumvarpi. Frumvarp sem leiðir af sér að fólk þarf í stór auknum mæli að leita á náðir félagamálastofnanna eftir framfærslu.

Þá minnir fundurinn á að launþegar ráða miklu um það hverjir veljast á Alþingi Íslendinga. Launafólk mun fylgjast með afgreiðslu þessara mála og taka tillit til niðurstöðu þeirra við næstu alþingiskosningar.

## Burt með frumvörpin